

Eimskipafélag Íslands hf.
b.t. stjórnar félagsins
Sundabakka 2, 104 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2022

Efni: Breytingartillaga vegna aðalfundar 17. mars 2022

Með vísan til auglýsingar um aðalfund Eimskipafélags Íslands hf. óskar Gildi-lífeyrissjóður eftir því að eftirfarandi breytingartillaga varðandi dagskrárlið 4 verði tekin til meðferðar á aðalfundinum, til viðbótar við fyrri breytingartillögu sjóðsins varðandi dagskrárlið 6 um starfskjarastefnu:

Dagskrárliður 4: Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar (yfirstrikaður texti verði felldur út):

„Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. haldinn 17. mars 2022 veitir stjórn félagsins heimild til að eignast, í einum eða fleiri viðskiptum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum ~~eða til þess að kaupa eigin bréf í einstökum viðskiptum~~. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal vera í samræmi við 3. mgr. 55. gr. laga nr. 2/1995. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Greinargerð breytingartillögu:

Samkvæmt greinargerð með framlagðri tillögu stjórnar er markmiðið með tillögunni að heimila stjórn að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða gera hluthöfum almennt tilboð enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Þessi skilningur hefur jafnframt verið staðfestur í samskiptum við félagið, enda er um að ræða óbreytta tillögu frá fyrri árum.

Lagt er til af hálfu Gildis að textinn „eða til þess að kaupa eigin bréf í einstökum viðskiptum“ falli á brott þar sem hann kann að benda til þess að heimildin sé víðtækari en stefnt er að.

Nauðsynlegt er að mati sjóðsins að heimildir stjórna til kaupa á eigin hlutum séu skýrar og afmarkaðar og er tillagan lögð fram til að skýra betur umboð stjórnar vegna heimilda til kaupa á eigin hlutum.

Gildi óskar eftir því að stjórn Eimskipafélags Íslands hf. upplýsi aðra hluthafa félagsins hið fyrsta um þessa breytingartillögu, s.s. með tilkynningu í fréttakerfi kauphallar.

Reykjavík 17. mars 2022
Gildi-lífeyrissjóður